

Hverfisráð Grímseyjar 16. september 2013

17. fundur

Ár 2013, mánudaginn 16. september kl. 17:00 var fundur haldinn í hverfisráði Grímseyjar. Mætt voru: Jóhannes Gísli Henningsson formaður, Sigrún Þorláksdóttir ritari og Magnús Þór Bjarnason.

Þetta gerðist:

1. Girðing sem aðskilur heimahólf og afrétt er að mestu leyti ónýtt. Búfénaður meira og minna innan við girðingu. Óskum eftir lagfæringu sem fyrst.
2. Ný vetraráætlun Strætó sem tók gildi 15. september 2013 er mjög óhagstæð gagnvart ferjunni Sæfara. Brottför frá Akureyri/Hofi kl. 08:15 að morgni, kemur til Dalvíkur 08:56 að morgni og Sæfari fer kl. 09:00 að morgni. Þá eru aðeins 4 mínútur í brottför. Strætó stoppar við N1 sjoppuna og þá er eftir að fara út á bryggju og kaupa miða, áður en farið er um borð. Sama sagan þegar komið er til baka, þá fer Strætó kl. 15:30 e.h. en Sæfari kemur kl. 16:00 e.h.
3. Biðjum enn um dren í kringum leikvöll og ljós og sparkvöllinn á bakvið fyrir börnin.
4. Skilti vantar enn fyrir tjaldstæði og einnig búnað fyrir fellihýsi og hjólhýsi með rafmagnstengla.
5. Laga gámasvæðið, t.d. steypa plan undir gáma.
6. Fargjöld sem Grímseyingar þurfa að borga fyrir ferju og flug hækka stöðugt. Ef ekki er nettilboð er dýrasta fargjaldið yfir 15.000 kr. önnur leiðin og í kringum 5.000 kr. með Sæfara. Gjaldskrá Samskipa hækkar einnig stöðugt.
7. Óskum við eindregið eftir að ákveðið verði að bora eftir heitu vatni hér sem fyrst. Við erum að borga hæsta kyndingarkostnað á landinu, einnig erum við með hæsta taxta á rafmagni.
8. Hverfisráð vill sýna mikið þakklæti fyrir litla sæta grillið sem sent var á dögunum, það er ágætt fyrir tvo, en alls ekki til nota við félagsheimili, þar sem haldin eru ættarmót, sjóstangveiðimót og fleiri stórar samkomur. Þetta grill er ca. fyrir 10 kótelettur.
9. Skólplagnir í eyjunni enn í ólestri. Málið rætt sinn eftir sinn, en ekkert gerist.
10. Ræsi undir vegi vantar sárlega á nokkrum stöðum.

Fundi slitið kl. 18:30.

Jóhannes Gísli Henningsson formaður
Sigrún Þorláksdóttir ritari
Magnús Þór Bjarnason